



Íbúaráð Breiðholts

Efni: Ósk um umsögn – Tillaga um að færa starfssemi félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. október 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga:

Í ljósi áherslu á aukna samnýtingu húsnæðis er lagt til að starfsstöð félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu sem er staðsett í Gerðubergi 1 verði færð í Hólabrekkuskóla og Fellaskóla og starfsemi hætt í Gerðubergi. Unnið verði í samstarfi við unglingana, starfsfólk félagsmiðstöðvar og skólanna að því að skilgreina betur starfsemina og ákveða hvort að félagsmiðstöðin Hundraðogellefu verði áfram starfsemi undir sama hatti eða tvær félagsmiðstöðvar staðsettar í sitthvorum skólanum.

Jafnframt var samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartillaga:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að afla umsagna viðeigandi aðila um tillögu um tilfærslu starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu áður en hún verði lögð fyrir ráðið til afgreiðslu.

Tillaga um að færa starfssemi félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu er hér með send íbúaráði Breiðholts til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist eigi síðar en 31. október 2023.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga með greinargerð